

Fjárlaganefnd Alþingis

## Staða Samtakanna '78

„Það lýgur enginn á sig harmi“ sagði handhafi heiðursmerkis Samtakanna '78. Guðrún Ögmundsdóttir hefði orðið sjötug um þessar mundir og við í Samtökunum minnumst hennar með því að halda ávallt ótrauð áfram, hugsum um þau sem þurfa á aðstoð okkar að halda og hugsum með hjartanu, þó að stundum sé það erfitt - þá höldum við alltaf áfram.

Samtökin '78 eru í miklum rekstrarvanda. Þrátt fyrir hækkun á framlögum á síðustu árum, lág laun starfsfólks og mikla vinnu sem unnin er í sjálfböðastarfi þá standa Samtökin '78 það illa að þau lifa mánuð til mánaðar og ekkert má út af bregða án þess að fjárhagsvandinn verði það stór að hann yfirtaki flest allt annað hjá Samtökunum.

Samtökin '78 eru þó afar ánægð með aukastyrk fjárlaganefndar sem samþykktur var í fyrra, það hjálpaði mikið til að fylla upp í það stóra gat sem hefur myndast á síðastliðnum árum. Fjárlaganefnd er hér með þakkað innilega fyrir.

Hér verða Samtökin '78 – félag hinsegin fólks á Íslandi, borin saman við systursamtök á Norðurlöndunum og einnig verður farið yfir fjárstyrki ríkisins til Samtakanna í gegnum tíðina.

## Samanburður við Norðurlöndin

Algengt er að Ísland beri sig saman við hin Norðurlöndin þegar kemur að réttindamálum og fjármálum. Samtökin '78 eiga fjögur systurfélög á Norðurlöndum: RFSL í Svíþjóð, FRI í Noregi, SETA í Finnlandi og LGBT Danmark í Danmörku. Þegar við skoðum helstu ábyrgðar- og þjónustupætti þessara félagasamtaka þá er eðli og inntak allra samtakanna afar svipað. Öll félögin bjóða upp á ráðgjöf, fræðslu, stuðningshópa, sérfræðiaðstoð, reka félagsheimili og sértæk úrræði fyrir börn, ungmenni, innflytjendur og aðra jaðarsettari hópa. Þegar fjármögnun félaganna er hins vegar borin saman þá er eitt félag sem sker sig úr: Samtökin '78 á Íslandi.

Þau þrjú félög sem eru til samanburðar eru RFSL í Svíþjóð, FRI í Noregi og SETA í Finnlandi. Vegna mikilla umróta hjá systurfélagi okkar í Danmörku þá er torvelt að hafa þau meðferðis í samanburðinum en þó hafa þær fréttir borist frá okkar gamla höfuðstað að félagið er nú loks í miklum uppgangi og hafa fengið tryggan samning við stjórnvöld. Upphæð þess samnings er þó óljós en við vitum þó að LGBT Danmark jók starfsmannahald sitt og tryggði sér glæsileg húsakynni á besta stað í Kaupmannahöfn.

Samtökin '78 átta sig á því og viðurkenna að við erum smærri í sniðum en systurfélög okkar á Norðurlöndunum, enda samanburðarfélögin í löndum sem eru mun fjölmennari en Ísland. Þó verður að segja að hóparnir eru jafnfjölbreyttir og þeir eru margir. Öll þau sem skilgreina hinsegin, eru mögulega leitandi eða vita hreinlega ekki

hvað þau eru, þurfa mögulega á þjónustu að halda einhvern tímann á lífsleiðinni. Það má heldur ekki horfa framhjá því að þjónusta Samtakanna '78 er einstök og krefst sérhæfðs fagfólks.

Við minnum einnig á að á Íslandi er engin stjórnsýslustofnun til staðar fyrir hinsegin fólk heldur eru hér eingöngu frjáls félagasamtök – Samtökin '78. Því verður ríkið að halda sérstaklega vel utan um slík samtök, en ellegar væri þessa þjónustu ekki að finna á Íslandi. Til að vera samanburðarhæf við hin Norðurlöndin þarf að auka fjárframlag til Samtakanna verulega svo þau geti bætt við sig starfsmönnum og sinnt þeirri þjónustu sem við viljum bjóða upp á fyrir öll sem hennar þarfnast hér á landi.

Finland: SETA í Finnlandi hefur aukið starfsmannahald sitt á síðustu misserum og eru þar 15 starfsmenn í 14 stöðugildum. SETA er rekið á ríkisframlögum, um 80% af heildarframlögum eru ríkisins. Samtals eru það 640.000 evrur, eða um 104.755.000 kr. á ári. Auk þess hefur SETA aðgang að Evrópustyrkjum sem ekki eru inni í þessari krónutölu, enda um tímabunda verkefnastyrki að ræða.

Svíþjóð: RFSL í Svíþjóð eru ein burðugustu hinsegin samtök í heimi. Þau hafa verið fjármögnuð í langan tíma af sænska ríkinu og búa yfir 45 starfsmönnum í 45 stöðugildum. Framlög ríkisins til RFSL eru 327.800.000 kr. á ári. Líkt og með SETA í Finnlandi þá hefur RFSL aðgang að Evrópustyrkjum og verkefnastyrkjum í gegnum sveitarfélög. Þær tölur eru ekki teknar með í þessa krónutölu enda um samanburð við ríkið að ræða.

Noregur: FRI í Noregi eru dreifð og öflug hagsmunasamtök. Hjá yfirsamtökunum FRI, en undir þeim eru ellefu landshlutafélög sem rekin eru af sveitarfélögum, vinna 17 starfsmenn í 17 stöðugildum. Rekstrarfé frá ríkinu eru 349.728.813 kr. á ári. Noregur, líkt og Ísland, hefur aðgang að sömu styrktarsjóðum EES en þeir styrkir eru ekki teknir með inn í samtöluna hér að ofan.

Það er engum blöðum að fletta um það að hrópandi ósamræmi er á milli þessara þriggja félaga og Samtakanna '78. Ekki vegna þess að þau eru ólík, vinna með ólíkum hópum eða að verkefnastaðan sé öðruvísi, heldur er það fjármagnsins vegna. Svíþjóð, Noregur og Finnland taka því alvarlega að standa með hinsegin fólk og vita að stórt skref er að tryggja almennilega fjármögnun hagsmunasamtaka hinsegin fólks.

## **Framlög til Samtakanna '78 í gegnum tíðina**

Samtökin '78 eru stofnuð árið 1978. Samtökin hafa ávallt verið öflug hagsmunasamtök hinsegin fólks, en í fyrstu tíð var það í raun eina hlutverk þeirra. Stuttu eftir aldamót hófu Samtökin '78 reglubundna og skipulagða fræðslu til skóla og annarra stofnanna. Í kringum 2001 kynntu Samtökin '78 svo ráðgjafarstarfsemi sína af fullum krafti og hefur því sú þjónusta verið í boði fyrir hinsegin fólk í að verða tuttugu ár. Þó verður að taka fram að fyrir þann tíma var ráðgjöfin vissulega veitt en þá í gegnum síma eða opin hús og var það þá jafningi sem veitti ráðgjöfina. Frá árinu 2015 hefur aðsókn í ráðgjöf vaxið mikið eða að meðtali um 63% á ári.

Samtals fjármagn til Samtakanna frá árinu 2005, þegar ágætis reynsla var komin á þjónustu í formi ráðgjafar og fræðslu, eru 114.311.510 kr. sem er um það bil það sem finnsku systursamtök okkar fá á einu ári, en þau íslensku á fimmtán ára tímabili. Ef við finnum út hve miklu fé íslenska ríkið hefur varið í samtök hinsegin fólks á Íslandi frá stofnun þeirra þá er ekki um margar krónur að ræða. Því er með sanni hægt að segja að allan þann tíma sem Samtökin '78 hafa sinnt jaðarhópi hinsegin fólks og verið til staðar þá hefur ríkinu þótt að meðaltali eðlilegt að veita þeim um tvær og hálf milljón á ári. Sem er um það bil jafn mikið og notaður bíll.

Í samtali við fyrrum formann Samtakanna '78 og þess manns sem var einn helsti brautryðjandi þeirra í áráraðir, Þorvald Kristinsson, kemur fram að Alþingi eða ráðuneyti hafi sjaldnast tekið vel í það að styrkja Samtökin '78 svo um einhverjar upphæðir var að ræða. Mögulega var látið af hendi 100.000 til 200.000 krónur, en það var undantekningartilvik fremur en regla. Þetta rennur stoðum undir það að Samtökin '78 eru byggð á ansi veikum fjárhagslegum grunni og lítið þarf til að út af bregði. Því er enn mikilvægara fyrir félagasamtök eins og Samtökin '78 að fá réttlætningu á framlögum frá ríkinu sem getur á einhvern hátt endurspeglað þá ómældu vinnu sjálfbóðaliða fyrr á tíðum sem hefur skilað sér margfalt til íslenska ríkisins á undangengum áratugum. „Hinsegin paradís“ spratt ekki úr engu.

## **Tvöföldun og auka þrjár milljónir skulu duga**

Það hefur borið á því þegar Samtökin '78 tjá sig um rekstrarvanda sinn að svarið sé jafnan að núverandi ríkisstjórn hafi hækkað fjárframlög til þeirra um meira en helming. Það er vissulega rétt. En við skulum muna að fjárframlög til Samtakanna '78 voru sex milljónir árið 2016 og voru rétt undir sex milljónum á ári að meðaltali frá árinu 2007. Starfsemin hefur hinsvegar vaxið mikið og er uppsöfnuð þörf Samtakanna '78 um 80 milljón krónur, og það er fyrir utan almennan rekstur á hverju ári. Þetta skilningsleysi stjórnvalda hefur skilað sér í of mikilli veltu á starfsfólki, lágum launum og ógrynni af úbrunnum sjálfbóðaliðum. Þess vegna er hjákátlegt að hugsa til þess að fjarvistarsönnun ríkisins sé sú að framlögin hafa hækkað um 150%, en þá verður líka að muna hvað framlögin voru grátlega lág hér áður fyrr.


## **„Ekkert um okkur án okkar“ – Eða: „Ekkert um okkur“?**

Í ofanálag við ein lægstu fjárframlög á Íslandi, miðað við verkefnastöðu og samanburð við önnur félög þá er ekkert um hinsegin fólk í stefnu ríkisins. Engin stefna, engin langtímaáætlun, engin nefnd, ekkert plan, enginn langtímasamningur við hagsmunafélag, engin heildarlög, ekkert. Þetta þýðir að á sama tíma og hagsmunasamtök hinsegin fólks eru gróflega vanfjármögnuð þá er ríkið sjálft heldur ekki í stakk búið til að sinna þeirri þjónustu sem hagsmunasamtökin sinna. Aftur sjáum við dæmi sem gengur ekki upp.

Samtökin '78 hafa undanfarin ár aukið trúverðugleika sinn, sýnt að þau fara vel með ríkisfé og hafa unnið ötulllega og vel með ríkinu. Þegar samtökin eru svo gróflega undirfjármögnuð miðað við það sem eðlilegt getur talist og óvissa og kvíði fyrir fjármálum er eins stór þáttur í starfi Samtakanna '78 og raunin er, þá er alveg ljóst að eitthvað þarf að breytast og það strax. Við vonum að ríkið finni hjá sér vilja til breytinga því krafan er skýr: Fjármögnum Samtökin '78 nægilega vel til að þau geti sinnt hlutverki sínu, byggjum langtímaplan fyrir allt hinsegin fólk og eyðum rekstraróvissunni. Fjárhagsáætlun næsta árs gerir ráð fyrir tapi, þrátt fyrir að samningar haldi sér. Framlag ríkisins þarf að vera að lágmarki 45 milljónir króna á næsta ári til þess að Samtökin '78 geti starfað.


Samtökin '78 eru of dýrmæt til þess að halda þeim í þessum vanda.

Virðingarfyllt,




Daníel E. Arnarsson, framkvæmdastjóri


Fylgigögn:



Mynd 1: Uppsöfnuð fjárhagsleg þörf Samtakanna frá 2007



Mynd 2: Fjölgun í hinsegin félagsmiðstöð Samtakanna '78 síðustu 55 vikur



Mynd 3: Ráðgjafatímar frá 2001-2020